

Ársskýrsla um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum 2019

Skipun nýs fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum var skipað 13. febrúar 2018 af mennta- og menningarmálaráðherra Lilju D. Alfreðsdóttur til þriggja ára og var þannig skipað: Aðalmenn: Bóas Valdórsson, Sigríður Lára Haraldsdóttir og Sigrún Garcia Thorarensen. Varamenn: Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Kristín Lilliendahl og Selma Barðdal Reynisdóttir. Formaður fagráðs á árinu 2019 var Sigríður Lára Haraldsdóttir. Breyting á skipan fagráðs varð 5. september 2019 en þá var Björg Jónsdóttir skipuð varamaður í stað Kristínar Lilliendahl, sem óskaði eftir lausn frá störfum.

Hlutverk og lagarammi

Hlutverk fagráðs eineltismála, samkvæmt verklagsreglum er að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómsundastarfi, sem hefur stoð í grunnskólalögum.

Fagráðið starfar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 6. mgr. 33. gr. b. laga nr. 92/2008. Hlutverk þess hefur verið nánar útfært í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum [nr. 1040/2011](#) og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum [nr. 326/2016](#).

Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti þann 4. janúar 2019 endurskoðaðar verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum og tóku þær gildi 22.1.2019. Með endurskoðuðum verklagsreglum varð sú breyting á að framhaldsskólinn bættist við hlutverk fagráðs. Verklagsreglurnar voru unnar í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar með aðkomu fagráðsins og komu þær í stað fyrri verklagsreglna um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum frá 17. maí 2016.

Mikilvægar dagsetningar í starfsemi fagráðs eineltismála.

| | |
|------------|---|
| 6.3.2012 | Verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum taka gildi. |
| 9.3.2012 | Fagráð eineltismála í grunnskólum skipað. |
| 1.11.2012 | Fagráðið tekur formlega til starfa. |
| 15.12.2014 | Starfsemi fagráðs flutt til Menntamálastofnunar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. |
| 31.5.2016 | Endurskoðaðar verklagsreglur nr. 465/2016 taka gildi. Sú breyting varð að fleiri aðilar gátu óskað eftir aðkomu fagráðs (nemendur, starfsfólk skóla, auk annarra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómsundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum). Ákvæði verklagsreglnanna nær yfir starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla óháð rekstrarformi og félags- og tómsundastarfs sem fram fer sem hluti af starfsemi grunnskóla. Enn fremur starfsemi skólabúða þar sem nemendur dvelja um stundarsakir og vettvangsferðir og skólaferðalög á vegum skólans eða foreldra og allrar annarrar starfsemi á vegum grunnskóla. Einnig var kveðið á um skipun varamanna og hlutverk og ábyrgð verkefnastjóra skilgreint. |
| 13.2.2018 | Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum skipað. |
| 22.1.2019 | Endurskoðaðar verklagsreglur nr. 30/2019 taka gildi. Sú breyting varð að framhaldsskólinn var tekinn inn í starfsemi fagráðs. |

Innri starfsemi fagráðs eineltismála

Fagráð eineltismála setti sér eftirfarandi stefnur og vinnureglur á árinu 2019:

Fjölmiðlastefnu 31. janúar 2019.

Vinnureglur við vinnslu ráðgefandi álits 11. apríl 2019.

Vinnureglur vegna innsendra fyrirspurna frá skólasamfélaginu 5. september 2019.

Samkomulag var gert 1. september 2019 milli Menntamálastofnunar og þáverandi formanns fagráðs, Sigríðar Láru Haraldsdóttur, um leigu húsnæðis í Fellsmúla 26 til viðtala á vegum fagráðsins.

Fundir fagráðs

Alls voru haldnir 26 fundir á árinu 2019, bæði fastir fundir og svo vinnufundir í einstökum málum. Nokkrir fundir voru haldnir bæði með aðal- og varamönnum. Þeir fundir voru um innri málefni fagráðs svo sem um breytingar á heimasíðu, kynningarmál, verklagsreglur, vinnureglur og fl. Þá var í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf unninn vinnuferill á meðferð gagna fagráðs í samstarfi við lögfræðing Menntamálastofnunar.

Fjármál

Kostnaðaráætlun fagráðs fyrir árið 2019 var samtals 6 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. ætlaðar í þóknun til handa fagráðinu og 2 millj. kr. í annað (ferðakostnaður málsaðila á fund fagráðs, ferðir fagráðs og annað tilfallandi). Fagráðið fundar að öllu jöfnu tvisvar í mánuði en getur fundað oftast ef þurfa þykir samkvæmt verklagsreglum. Hver nefndarmaður fær greiddar 25.000.- kr. fyrir fund sem skilgreindur er sem tveggja tíma fundur og eins tíma vinna á milli funda. Formaður fagráðs fær greiddar 37.500.- kr. fyrir fund.

Kynningarmál

Dreifibréf í kjölfar endurskoðaðra verklagsreglna um starfsemi fagráðs eineltismála var sent til skólasamfélagsins 29. janúar 2019. Sigríður Láru Haraldsdóttir og Sigrún García Thorarensen voru í útvarpsþættinum Samfélagið á RÚV 4. febrúar 2019. Viðtal við Sigríði Láru Haraldsdóttur var birt á mbl.is **27. október 2019** og grein hennar um fagráðið var birt í [Fréttablaðinu](http://mbl.is) **12. nóvember 2019**. Sigrún García Thorarensen og Guðrún Ebba Ólafsdóttir kynntu fagráðið 11. nóvember 2019 á ráðstefnunni Youth Wellbeing sem Menntamálastofnun stóð að. Einnig var kynning haldin á fagráðinu á samráðsfundi ráðuneytis og skólameistara 9. nóvember 2019.

Upplýsingar um eineltismál og teiknimyndband á heimasíðu Menntamálastofnunar

Til að styðja betur við starfsemi fagráðsins var ákveðið að hafa upplýsingar um eineltismál, fyrir foreldra, börn/ungmenni og fagfólk, aðgengilegar á heimasíðu Menntamálastofnunar og var samningur þess efnis undirritaður 13. desember 2018 við Erindi-samtök um samskipti og skólamál.

Í framhaldinu ákvað fagráðið í samstarfi við Menntamálastofnun að hefja vinnslu á gerð teiknimyndbands til birtingar á upplýsingasíðunni. Haustið 2019 var ákveðið að Íslenska auglýsingastofan ynni verkið og á árinu fór þó nokkur vinna fagráðs í að undirbúa fræðsluefni og fylgja verkefninu eftir.

Ráðgefandi álit fagráðs

Tvö ráðgefandi álit fagráðs voru gefin út árið 2019. Annað málið varðaði mál nemanda í framhaldsskóla og var álit gefið út 24. júní 2019. Hitt málið varðaði mál nemenda í grunnskóla og var álit gefið út 21. október 2019.

Vinnsla ráðgefandi álita, kostnaður og fjöldi

Umfang mála sem berast til fagráðsins er mjög mismunandi. Umfangið ræðst einkum af gagnaöflun og hvort og þá hversu margir málsaðilar eru kallaðir í viðtal. Í töflu 1 gefur að líta yfirlit yfir fjölda tilvísana og útgefin ráðgefandi álit á vegum fagráðsins frá árinu 2012 til 2019. Í tilvísunum felst að máli er vísað til úrlausnar hjá fagráðinu. Máli getur lokið með ráðgefandi áliti eða verið vísað annað með leiðbeiningum eftir sem við á.

Tafla 1 Yfirlit yfir fjölda tilvísana og útgefin ráðgefandi álit

| Ár | Tilvísanir | Útgefin ráðgefandi álit | Vísað annað | Gr.sk. | Frh.sk. | KK | KVK |
|-----------|------------|-------------------------|-------------|--------|---------|----|-----|
| 2012-2014 | 17 | 13 | 4 | | | 5 | 8 |
| 2014-2017 | 8 | 7 | 1 | 7 | | 3 | 4 |
| 2018 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | |
| 2019 | 2 | 2 | | 1 | 1 | | |

Fyrirspurnir

Fyrirspurnum til fagráðs hefur fjölgað frá fyrri árum og eiga þær oftast við um mál þar sem meint einelti er yfirstandandi og varða oftast nær nemendur í grunnskólum og eru það foreldrar sem hafa samband, annað hvort með símtali eða tölvupósti. Algengt er að fyrirspurnir varði boðleiðir í eineltismálum. Í slíkum tilfellum er veitt ráðgjöf um hvert er hægt að leita og hvernig best er að bera sig að. Foreldrar sem eiga börn sem verða fyrir meintu einelti leita einnig oft eftir stuðningi og ráðgjöf. Ein fyrirspurn á árinu 2019 varð að formlegu máli sem fór í vinnsluferil ráðgefandi álits.

Vinnuferð til Dublin

Erla Ósk Guðjónsdóttir starfsmaður og Sigríður Lára Haraldsdóttir formaður fagráðs sóttu alþjóðlega ráðstefnu um eineltismál í Dublin 4.-6. júní 2019 (World Anti-Bullying Forum). Ráðstefnan var haldin með það að markmiði að skapa vettvang til að auka skilning á einelti og annars konar ofbeldi meðal barna og ungmenna. Enn fremur til að miðla þekkingu og sjónarmiðum varðandi málaflokkinn með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir einelti og stöðva það þegar það á sér stað. Ráðstefnan var haldin á vegum Friends (sænsk samtök gegn einelti) í samvinnu við National Anti Bullying Research and Resource Centre í Dublin, IBPA International Bullying Prevention Association og Unesco.

17. ágúst 2020

Erla Ósk Guðjónsdóttir